

31

L Ö G

17. maí

um sölu nokkurra jarða í opinberri eigu og um eignarnám erfðafesturéttinda.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

1. Að selja Eyrarbakkaheppi í Árnessýslu allt land jarðanna Einarshafnar, Skúmsstaða og Stóru-Háeyrar í Eyrarbakkaheppi með hjáleigum, að undanskildum eignarlóðum, sem þegar hafa verið seldar úr landi Stóru-Háeyrar.
2. Að selja Raufarhafnarheppi allt land jarðarinnar Raufarhafnar.
3. Að selja Óskari Hjartarsyni á Grjóteyri í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu jörðina Skógarkot í Andakílshreppi.
4. Að selja hreppsnefnd Eyrarsveitar jörðina Hrafnkelsstaði í Eyrarsveit.
5. Að selja Þorvarði Einarssyni á Bakka í Stykkishólmsheppi jörðina Kiðey í Stykkishólmsheppi.

Náist ekki samkomulag um söluverð lands samkvæmt 1. tölulið, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Árnessýslu oddamann. Þó skal Eyrarbakkaheppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda hreppsfélagsins sjálfs.

Andvirði landsins skal Eyrarbakkaheppi heimilt að greiða á 25 árum.

Náist ekki samkomulag um söluverð lands samkvæmt 2. tölulið, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Þingeyjarsýslu oddamann. Þó skal Raufarhafnarheppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda á vegum hreppsfélagsins, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Greiðsluskilmálar skulu vera hagkvæmir, sbr. 4. gr. laga nr. 64 27. júní 1941, enda má hreppurinn ekki selja jörðina eða hluta hennar nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Þarfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Eyrarbakkaheppi eða Raufarhafnarheppi var gert að greiða fyrir landið.

Söluverð jarðanna samkv. 3.—5. tölulið skal ákveðið af dómkvöddum mönnum.

2. gr.

Hreppsnefnd Eyrarbakkahepps eða Raufarhafnarhepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. maí 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.